

**REGLUGERÐ**  
**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1052/2009**  
**um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri.**

1. gr.

2. másl. 2. mgr. 5. gr. orðast svo: Við útreikning sérstakrar uppbótar skv. IV. kafla skal hvorki taka tillit til uppbóta á lífeyri skv. 2. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar né eingreiðslna (orlofs- og desemberuppbóta) frá Tryggingastofnun ríkisins.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr.:

- a. Í stað „180.000“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: 184.140.
- b. Í stað „153.500“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 157.030.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. mgr. 9. gr., sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, sbr. 70. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2011.

*Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. desember 2010.*

**Guðbjartur Hannesson.**

Ágúst Þór Sigurðsson.